

Sp.

572. Tillaga til þingsályktunar

[280. mál]

um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, HBl, SteinG).

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til að fjalla um aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í rikari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Skal nefndin kosin hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. — Nefndin kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar, fjölda atvinnutækifæra og markaðsmöguleika.
2. Að kanna hugsanlega möguleika á samvinnu við erlenda aðila, m. a. á sviði tækni og markaðsmála.
3. Að gera tillögur um stóriðjufrankvæmdir sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveða á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð, önnur rekstrarskilyrði, — gerð, stærð og staðsetningu iðjuvera.

Nefndin skal hafa náð samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Heimilt er nefndinni að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Nefndin skal skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar áfram.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er flutt af meiri hluta allsherjarnefndar Sp., Jóhönnu Sigurðardóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Halldóri Blöndal og Steinþóri Gestssyni. Á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær tillögur til þingsályktunar um stóriðjumál. Allir þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu um aukningu orkufreks iðnaðar (8. mál), og 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu tillögu um stefnumótun í stóriðjumálum (31. mál). Tillögur þessar voru mjög líkar að efni. Allsherjarnefnd Sp. fékk báðar þessar tillögur til meðferðar og hefur rætt þær sameiginlega. Meiri hluti nefndarinnar hefur í samráði við flutningsmenn beggja tillagnanna komist að samkomulagi um nýja tillögu, sem hér er flutt, og komi þessi tillaga í staðinn fyrir hinar tvær. Óþarfi er að hún fari til nefndarinnar að nýju eftir umræðu í Sp. þar sem hún hefur þegar fengið ítarlega umfjöllun í nefndinni.

Að öðru leyti þarfnast tillaga þessi ekki skýringar.